

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Gaviscon mixtúra, dreifa

natríumalgínat, natríumhýdrógenkarbónat, álhýdroxíð og kalsíumkarbónat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar. Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið lækningurinn ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Gaviscon og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Gaviscon
3. Hvernig nota á Gaviscon.
4. Hugsanlegar aukaverkanir.
5. Hvernig geyma á Gaviscon
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Gaviscon og við hverju það er notað

Gaviscon myndar lag af froðu, sem dreifist yfir hið súra innihald magans og kemur í veg fyrir bakflæði þess í vélinda.

Gaviscon er mixtúra, dreifa og er notuð við brjóstsviða, súru uppflæði og þindarsliti.

2. Áður en byrjað er að nota Gaviscon

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum lækningurinn og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjafabúð.

Ekki má nota Gaviscon

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnarorð og varúðarreglur

Við óeðlilega nýrnastarfsemi á að hafa samband við lækningurinn áður en byrjað er að nota Gaviscon mixtúru.

Börn

Aðeins má gefa nýburum og ungbörnum Gaviscon í samráði við lækningurinn.

Notkun annarra lyfja samhliða Gaviscon

Látið lækningurinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð

eða kynnu að verða notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils, náttúruylf, sterk vítamín og steinefni.

Ef Gaviscon er tekið samtímis öðrum lyfjum getur það haft áhrif á verkunina.

Hafa skal samband við lækni ef lyf við eftirfarandi eru tekin:

- sýkingar (flúorókínólónar, tetracyklín)
- sveppasýkingar (ketókónazól)
- krabbamein í blöðruhálskirtli (estramústín)
- truflun á starfsemi skjaldkirtils (skjaldkirtilshormón)
- skert hjartastarfsemi (dígoxín)
- hjartsláttartruflanir (sótalól)
- beineyðing (klódrónat)
- höfnun ígrædds líffæris (mýkófenólatmófetíl)
- flogaveiki (gabapentín)
- gigt (penicillamín)
- verkir (díflúnisal)

Gaviscon dregur úr virkni járnlyfja þegar þau eru tekin samtímis. Því þarf að taka lyfin með að minnsta kosti tveggja klst. millibili.

Notkun Gaviscon með mat eða drykk

Gaviscon mixtúru má ekki nota með drykkjarvörum sem innihalda sítrónusýru.

Meðganga og brjóstgjöf

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

Meðganga:

Gaviscon mixtúru má nota á meðgöngu.

Brjóstgjöf:

Konur með barn á brjósti mega nota Gaviscon mixtúru.

Akstur og notkun véla

Gaviscon hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Gaviscon inniheldur metýlparahýdroxýbenzóat (E218) og própýlparahýdroxýbenzóat (E216), rotvarnarefni sem geta valdið ofnæmi, einnig eftir að notkun Gaviscon er hætt.

Ráðlagður hámarksdagsskammtur lyfsins inniheldur 400 mg – 800 mg af natríum (sem er í matarsalti). Þetta jafngildir 20-40% af ráðlögðum heildardagskammti af neyslu natríums úr fæðu hjá fullorðnum.

Þeir sem þurfa að nota Gaviscon daglega til lengri tíma eiga að ráðfæra sig við læknum eða lyfjafræðing, sérstaklega ef þeim hefur verið ráðlagt að fylgja saltskertu (natríumskertu) mataræði.

3. Hvernig nota á Gaviscon

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningnum eða lyfjafræðingi.

Gaviscon mixtúru á að hrista strax fyrir inntöku.

Mixtúruna má taka með smá vatni eftir þörfum. Ekki á að drekka beint úr flöskunni.

Ráðlagðir skammtar

Fullorðnir og börn eldri en tveggja ára:

10-20 ml af Gaviscon mixtúru eru teknir eftir þörfum ½ klst. eftir máltíð og fyrir svefn eða samkvæmt fyrirmælum læknis.

Börn ½ árs – tveggja ára:

5-10 ml af Gaviscon mixtúru á sólarhring skipt í nokkra skammta, helst eftir máltíðir.

Börn yngri en ½ árs:

1-2 ml Gaviscon mixtúru fyrir hvert kg líkamsþunga á sólarhring, skipt í nokkra skammta, helst eftir máltíðir.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður eða ef barn hefur í ógáti tekið in lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að taka Gaviscon

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka heldur á að halda meðferðinni áfram með ráðlögðum skömmtum.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Við skerta nýrnastarfsemi með þvageitrun (uppsöfnun úrgangsefna í blóði) geta aukaverkanir eins og krampar komið fram.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (koma fram hjá færri en 1 af 10.000 sjúklingum): Útbrot, kláði og vökvasöfnun.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækningurinn eða lyfjafræðingur vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Gaviscon

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C. Má hvorki geyma í kæli né frysti. Geymið flöskuna vel lokaða.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.
Fyrningardagsetningin er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Gaviscon inniheldur

Virku innihaldsefni eru: natríumalgínat 50 mg/ml, natríumhýdrógenkarbónat 17 mg/ml, álhýdroxíð 15 mg/ml og kalsíumkarbónat 15 mg/ml.

Önnur innihaldsefni eru: Sakkarínnatríum, metýlparahýdroxýbenzóat (rotvarnarefni E218), própýlparahýdroxýbenzóat (rotvarnarefni E216), vatnsfrí kísilkvoða, xantangúmmí, sítrónu-, hindberja- og vanillubragðefni og hreinsað vatn.

Pakkningastærðir

Plastflaska 400 ml, 500 ml.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

Nordic Drugs AB
Box 300 35
S-200 61 Limhamn
Svíþjóð

Framleiðandi

Apotek Produktion & Laboratorier AB
Celsiusgatan 43
212 14 Malmö
Svíþjóð

Umboð á Íslandi

Vistor hf.
Hörgatúni 2
210 Garðabæ

Fylgiseðillinn var síðast uppfærður í júní 2020.